

Snæfellsbæ 1.júní. 2021.

Tilkynning til Vesturbyggðar.

Lokun Siglunesvegur, nr. 611, fyrir almennri umferð ökutækja.

Eins og stjórnendum Vesturbyggðar ætti að vera kunnugt þá hefur Vegagerð Ríkisins sagt sig frá umræddum vegi vestan Holts. Þessi vegur var ónýtur þegar Vegagerðin sagði sig frá honum og hann hefur ekki lagast síðan, enda ekkert verið fyrir hann gert. Á einum stað er mjög stutt í að lækur muni taka veginn í sundur þar eð ræsi er að falla saman.

Á sínum tíma kærði undirritaður ákvörðun Vegagerðarinnar til ráðuneytis samgöngumála og tók það sér, aðeins, eitt ár til að svara kærinni og var niðurstaða þeirra sú að fallast á málflutning og ákvarðanir Vegagerðarinnar.

Þessi niðurstaða kom svo sem ekki á óvart. Það sem kemur hins vegar á óvart er að ráðuneytið skuli ekki geta svarað því hver eigi veginn núna og hver skuli sinna honum. Meðfylgjandi gögn sýna máttlaus svör ráðuneytis og Vegagerðar við mörgum spurningum af þessum sama toga.

Vesturbyggð tók á sínum tíma þátt í að styðja við bakið á umræddri kæru ásamt fjölda fólks sem hagsmuni hefur af veginum. Það kemur reyndar ekki málinu við núna, en Vegagerðin sendi öllum þessum aðilum, að Vesturbyggð meðtalinni, „puttann“.

Við sem um þennan veg þurfum að fara höfum því sammælt um þetta erindi og þá ákvörðun að loka veginum fyrir óviðkomandi umferð ökutækja.

Þetta erindi snýst um að fá álit Vesturbyggðar á gjörning þessum. Hefur Vesturbyggð áhuga á að gera við veginn og halda honum opnum? Eða hefur Vesturbyggð kost á frekari og skýrari svörum frá opinberum aðilum?

Svar við erindi þessu óskast sem fyrst og helst ekki seinna en 30. júní. Upp úr því má búast við að læst keðja verði dregin fyrir veginn, að öllu óbreyttu, og aðeins „útvaldir“ hafi talnakóða. Allar skemmdir sem unnar verða á lokunarbúnaði þessum munu flokkast sem eignaspjöll.

Við teljum þetta einu leiðina til að hreyfa við málinu. Það þolir enga bið að skilgreina hver á að sjá um þennan veg. Við munum gera við hann sjálf ef lokunin stendur en þá mun vegurinn heldur ekki verða opnaður almennri umferð í náninni framtíð.

Virðingarfyllst, fh. hagsmunaaðila,

Gísli Gunnar Marteinsson, Grundarbraut 50, 355 Snæfellsbæ.

Fylgiskjöl: 1. Úr úrskurði Vegag. 2. Úr úrskurði ráðuneytis. 3. Brot af póstsamskiptum.

Brot úr úrskurði Vegag.

Niðurlag

Með vísan til framangreinds telur Vegagerðin að stofnunin hafi farið eftir lögum og reglum þegar Siglunesvegur var felldur af vegaskrá og að málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga hafi ekki verið brotnar. Vegagerðin telur sig hafa gætt að málsmeðferðarreglum við niðurfellingu Siglunesvegur af vegaskrá gagnvart landeigendum Hreggstaða og hafa leiðbeint kæranda um umsóknarferli og skilyrði þess að vegurinn verði tekinn í tölu héraðsvega að nýju og hvaða gögn sé nauðsynlegt að fylgi slíkri umsókn. Stofnunin fer þess á leit við ráðuneytið að það staðfesti ákvörðun Vegagerðarinnar frá 18. desember 2018 að fella Siglunesveg frá Hreggstöðum að Holti af vegaskrá.

Sjónarmið Vegagerðarinnar vegna spurninga kæranda til ráðuneytisins

1. „Eins og áður hefur komið fram þá er þessi vegur nánast ónýtur, þegar þetta er ritað. Hver verður staða þessa vegar eftirleiðis?“

Þegar vegur er felldur af vegaskrá hefur venjan verið að skilja við hann í því ástandi sem hann er.

2. **Hver fer með eignarhaldið á veginum?**

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega samkvæmt 13. gr. vegalaga nr. 80/2007, en sveitarfélög fara með veghald sveitarfélagsvega. Jafnframt hafa eigendur einkavega veghald þeirra. Þegar vegur er aflagður eða felldur af vegaskrá er ekki skorið úr um það í vegalögum hver tekur við veghaldi. Vegagerðin hefur ekki heimild samkvæmt vegalögum til að ákvarða hver fari í framhaldinu með forræði vegarins. Vegir sem ekki lengur teljast til þjóðvega geta talist til sveitarfélagsvega, sbr. 9. gr. vegalaga. Einnig getur vegur talist einkavegur skv. 11. gr. vegalaga. Ef vegur fellur ekki undir skilgreiningu ofangreindra vegflokka fellur hann utan þeirra, sbr. 55. gr. vegalaga.

3. **Hver sinnir viðhaldi vegarins?**

Þar sem ekki er skorið úr um það hver tekur við veghaldi þegar vegur er aflagður eða felldur af vegaskrá getur Vegagerðin ekki tekið afstöðu til spurningarinnar.

Skjal (2)



Gísli Gunnar Marteinsson
Grundarbraut 50
355 Snæfellsbær

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 28. janúar 2020
Tilv.: SRN19010085/3.18.9

Ráðuneytið vísar til erindis yðar vegna úrskurðar ráðuneytisins frá 31. október sl. í máli SRN19010085. Með úrskurði ráðuneytisins var staðfest ákvörðun Vegagerðarinnar um niðurfellingu Siglunesvegur af vegaskrá.

Ráðuneytið áréttar að fram kemur í úrskurðinum að kærundur málsins séu eigendur að bæjunum Siglunes, Hreggsstaðir, Skriðnafell, Fit, mjólkurbúinu Breiðalæk, fjárbúinu Brjánslæk og 50% eigenda Klappar iðnaðarhúsnaðis. Lögðuð þér kærana fram fyrir yðar hönd sem og annarra ofantalinna kæranda. Af gögnum kærumálsins verður ekki annað ráðið en að öllum kærendum hafi verið tilkynnt um niðurfellingu vegarins af vegaskrá. Hvað varðar athugasemdir yðar við að sveitarfélaginu hafi ekki verið tilkynnt um niðurfellinguna vísar ráðuneytið til bréfs Vegagerðarinnar til Vesturbyggðar frá 5. febrúar 2019. Telur ráðuneytið framangreint ekki hafa áhrif á niðurstöðu málsins en tekur undir það sem fram kemur í tilvitnuðu bréfi Vegagerðarinnar að rétt sé að tilkynna sveitarfélagi um niðurfellingu vega innan sveitarfélags af vegaskrá. Hvað varðar fyrirspurn yðar um stöðu vegarins í dag vísar ráðuneytið til umsagnar Vegagerðarinnar við kærú yðar frá 22. febrúar 2019 sem var hluti af málgögnum og vitnað er til í erindi yðar. Svarar Vegagerðin þar spurningum yðar og tekur ráðuneytið undir þau sjónarmið sem þar koma fram. Telur ráðuneytið einnig rétt að áréttu það sem fram kemur í úrskurði þess um að umfjöllunarefni úrskurðarins var bundið við ákvörðun Vegagerðarinnar frá 28. nóvember 2018 um niðurfellingu Siglunesvegur af vegaskrá og lögmæti þeirrar ákvörðunar.

Að lokum telur ráðuneytið rétt að áréttu það sem fram kemur í úrskurði þess að þér og aðrir landeigendur sem hagsmuna hafa að gæta geta ávallt farið þess á leit við Vegagerðina að Siglunesvegur verði tekinn í tölu héraðsvega að nýju, að uppfylltum þar til greindum skilyrðum.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á að svara erindi yðar.

Fyrir hönd ráðherra


Hildur Dunga


Brynjólfur Hjartarson

Skjal (3)

Brot af póstsamskiptum
undirritads og ráðuneytis.

Frá: Brynjólfur Hjartarson
Sent: mánudagur, 17. febrúar 2020 18:05
Til: Gísli
Efni: RE: Enn um Siglunesveg,

Sæll Gísli og afsakaðu síðbúið svar.

Hvað varðar athugasemdir þínar voru öll gögn málsins yfirfarin af ráðuneytinu áður en úrskurður var kveðinn, þ. á. m. umsögn Vegagerðarinnar. Að öðru leyti telur ráðuneytið rétt að ítreka að samkvæmt 13. gr. vegalaga nr. 80/2007 er Vegagerðin veghaldari þjóðvega, sveitarfélög veghaldarar sveitarfélagsvega auk þess sem eigendur einkavega fara með veghald þeirra. Í vegalögum er hvergi tekið fram hver tekur við veghaldi þegar vegur er felldur af vegaskrá sem þjóðvegur. Kann slíkur vegur annað hvort að teljast til sveitarfélagsvega skv. 9. gr. vegalaga eða einkavega skv. 11. gr. laganna. Samkvæmt 9. gr. eru sveitarfélagsvegir vegir sem ekki teljast þjóðvegir skv. 8. gr., eru í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar. Samkvæmt 11. gr. eru einkavegir vegir sem hvorki teljast þjóðvegir né sveitarfélagsvegir og eru í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila. Ef vegur fellur ekki undir þessar skilgreiningar fellur hann utan vegflokka samkvæmt 55. gr. vegalaga. Það er hvorki hlutverk Vegagerðarinnar né ráðuneytisins að skera úr um hver fari með forræði vegar eftir að hann hefur verið felldur af vegaskrá enda enga slíka heimild að finna í vegalögum. Því ítrekar ráðuneytið fyrri svör og áréttar það að hver sá sem telur sig hafa hagsmuna að gæta getur sótt um það á ný að fá Siglunesveg tekinn inn á vegaskrá sem héraðsveg að uppfylltum skilyrðum vegalaga.

Hvað varðar athugasemd þína um hvert unnt sé að leita í framhaldinu má benda á að þeir sem telja á sér brotið af hálfu stjórnvalda geta lagt fram kvörtun til umboðsmanns Alþingis, en nánari leiðbeiningar um slíkt er að finna á heimasíðu umboðsmanns. Eins er ávallt unnt að bera mál undir dómstóla.

Kveðja.



Brynjólfur Hjartarson, lögfræðingur / Legal Adviser
Skrifstofa stefnumótunar og fjárlaga / Department of Policy and Budgeting
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti / Ministry of Transport and Local Government
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
www.samgonguraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Frá: Gísli <siglvor@simnet.is>
Sent: 5. febrúar 2020 10:30
Til: Brynjólfur Hjartarson <brynjolfur.hjartarson@srn.is>
Efni: Enn um Siglunesveg,

Sæll Brynjólfur. Takk fyrir bréfið. Það er freistandi að senda í gamni á þig póst áður en farið er að skrifa enn eitt bréfið sem þið munuð taka marga mánuði í að svara án þess þó að svara.

Eftir allan þennan tíma tekst ykkur að svara engu af því sem þið voruð beðin um að svara. Þið hafið tæplega lesið svör Vegagerðarinnar þegar þið skrifið „Svarar Vegagerðin þar spurningum yðar og tekur ráðuneytið undir þau sjónarmið sem þar koma fram“

Tökum 2 dæmi sem kalla ekki á mikinn texta:

Sp: „Hver sinnir viðhaldi vegarins?“ Svar Vegagerðarinnar: „Þar sem ekki er skorið úr um það hver tekur við veghaldi þegar vegur er aflagður eða felldur af vegaskrá getur Vegagerðin ekki tekið afstöðu til spurningarinnar.“

Sp: „Fari vegurinn í sundur ber þá þeim, sem eiga lönd að honum, að loka veginum vegna slyshættu?“ Svar Vegagerðarinnar: „Þar sem ekki er skorið úr um það hver tekur við veghaldi þegar vegur er aflagður eða felldur af vegaskrá getur Vegagerðin ekki tekið afstöðu til spurningarinnar“

Nokkrar augljósar spurningar til ykkar:

1. Höfðuð þið lesið svör Vegagerðarinnar þegar þið segist „taka undir þau sjónarmið sem þar koma fram“?
2. Þykir ykkur „svörin“ svara því sem um er spurt?
3. Hvert getur almenningur snúið sér í málum sem þessum þegar ráðuneyti samgöngumála getur ekki svarað erindum betur en svona?
4. Geta mál af þessu tagi gengið til Umboðsmanns Alþingis?

Virðingarfyllst, Gísli Gunnar Marteinson.

Sent frá Póstur fyrir Windows 10